

og að norðan af línu réttvísandi í vestur frá Einbúa í Ósum. Í Faxaflóa eru drag-
nótaveiðar óheimilar innan eftirgreindra lína:

1. Úr Garðskagavita um punktinn 64°8' n.br. og 22°42' v.l. í Gerðistangavita.
2. Úr Hólmsbergsvita um bauju nr. 6 í Faxaflóa í Kirkjuhólsvita.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. júní 1970.

Emil Jónsson.

Jón L. Arnalds.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum
á vinnustöðum, nr. 2 18. janúar 1964.

1. gr.

G-liður 1. greinar gjaldskrárinnar hljóði þannig:

Í hvert sinn sem skip sem flytur vörur og er 500 rúmlestir eða meira kemur í
höfn til losunar eða lestunar skal það greiða gjald vegna öryggiseftirlitsins þannig:

Skip, sem eru	500 til 1000	brúttólestir	greiði	kr.	500.00
— — —	1000 — 2000	—	—	—	1000.00
— — —	2000 — 3000	—	—	—	1500.00
— — —	3000	brúttólestir og þar yfir	—	—	2000.00

2. gr.

Breyting þessi tekur gildi 1. júlí 1970 og birtist til eftirbreytni öllum þeim,
sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. júní 1970.

F. h. r.

Baldur Möller.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um frestun á gildistöku reglugerðar samgönguráðuneytisins nr. 74/1970,
um innheimtu þungaskatts samkvæmt öikumælum.

Ráðuneytið tilkynnir hér með að vegna verkfalls bifvélavirkja hefur reynzt
óhjákvæmilegt að fresta gildistöku fyrrgreindrar reglugerðar til 1. ágúst 1970.

Samgönguráðuneytið, 25. júní 1970.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.